160 11. nóv. 200 kr., 300 kr. og 600 kr., megi verða þeim útborguð úr landssjóði frá fardögum þessa árs að telja; en þjer látið í ljósi þann skilning á tjeðum lögum, að uppbót sú, er ákveðin er nokkrum prestaköllum úr landssjóði, eigi ekki að útborgast hlutaðeigandi prestakalli fyr en þá, er það hefir verið veitt í fyrsta sinn, eptir að lög þessi öðluðust gildi, og óskið þjer úrskurðar ráðgjafans um þetta.

Í tilefni af þessu er eigi látið hjálíða þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn er sömu skoðunar og þjer í þessu máli.

161 11. nóv. — **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um gjalddaga á eptirgjöldum eptir prestaköll og uppbótum á þeim.** — Jafnframt því þjónustusamlega að senda yður, herra landshöfðingi, nokkur exemplör af fjárlögunum fyrir árin 1882 og 1883, staðfestum af konungi 4. þ. m. (sbr. stjórnartíð. A. bls. 30 o. ff.), sem og af frumvarpinu til þeirra með athugasemdum, sumpart til eigin nota og sumpart til úthlutunar meðal hlutaðeigandi embættismanna, vil jeg þjónustusamlega skora á yður, að gjöra þóknanlega ráðstöfun til útborgunar á launum o. fl. samkvæmt reglum þeim, er þar um gilda.

Með því engin ákvörðun er um, á hvaða gjalddaga skuli fram fara innborganir þær í landssjóð frá ýmsum prestaköllum og útborganir þær úr landssjóði til annara prestakalla, er um getur í 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, er yður, herra landshöfðingi, hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar, að tjeðar inn- og útborganir skulu fram fara einu sinni á hverju hálfmissiri, sem sje 6. sept., 6. des., 6. marz og 6. júní, *í hvert skipti fyrir hið umliðna hálfmissiri*, svo og að sömu reglu skuli fylgja með tilliti til útborgunar upphæða þeirra, er ætlaðar eru árlega til bráðabirgða-uppbótar hinum fátækustu brauðum, enn fremur að annar styrkur sá, sem getið er um í 13. gr. A. b. fjárlaganna, sje útborgaður *í lok hvers hálf-missiris*.

162 12. nóv. — **Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu* um efling búnaðar.** — Jafnframt því að senda yður, herra amtmaður, ávísun þá, er þjer óskið eptir í þóknanlegu brjefi yðar dagsettu í gær, að upphæð 1235 kr., vil jeg tjá yður, að af þeim hluta af fje því, sem samkvæmt 9. gr. C. 4. fjárlaganna er ætlað til eflingar búnaði, er með brjefi mínu frá 3. ágúst þ. á. (stjórnartíð. B. 87) hefir verið veitt suðurumdæminu fyrir þ. á. . . . . 3533 kr. 33 a.

eru þegar ávísaðar eptirfylgjandi upphæðir:

1.	Ingunni Jónsdóttur til að læra mjólkurmeðferð í Danmörku	200 kr.	»a.
2.	Jóni Gunnlaugssyni viðbót við styrk þann, er hann fjekk í fyrra	150 —	» -
3.	Gísla Gíslasyni styrkur til að ganga á landbúnaðarskóla í Noregi	100 —	» -
4.	Steinhöggvurum Ólafi Sigurðssyni og Magnúsi Guðnasyni úr Reykjavík steinsmíðatól	186 —	75 -
	Flyt	636 —	75 - 3533 — 33 -

	Flutt.	636 kr. 75 a.	3533 kr. 33 a.	162
5. Ofangreind upphæð til að varna sandfoki í Skaptafellssýslu og til launa handa búfræðingi Ó. Ólafssyni		1235 — » -		12. nóv.
6. Búnaðarfjelagi suðuramtsins		1500 — » -	3371 — 75 -	
	Eptir standa		161 — 58 -	

og vænti jeg að fá þóknanlegar tillögur yðar, herra amtmaður, áður en reikningsárið er á enda um það, hvernig þessum afgangi verði varið.

— **Brjef landshöfðingja *til biskups* um styrk til prestaekkna.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi frá í gær, samþykkist hjer með, að 76 kr. 163 23. nóv. þeim, sem með brjefi mínu frá 14. febr. þ. á.[1] voru veittar prestsekkjunni Sigríði Jónsdóttur frá Helgastöðum af 2500 kr. þeim, sem með 12. gr. A. b. 3. fjárlaganna eru lagðar prestaekkjum og börnum og fátækum uppgjafaprestum, en sem koma til nýrrar útbýtingar, þar eð nefnd prestsekkja er dáin, verði skipt þannig:

1, að Guðrún Ólafsdóttir frá Melstað fái	20 kr.
2, — Steinunn Jónsdóttir frá Höskuldsstöðum fái . . .	20 —
3, — Guðrún Ingvarsdóttir frá Eyvindarhólum fái . . .	20 —
4, — Guðrún Thorlacius frá Reynistaðarklaustri fái . . .	16 —
Samtals	76 —

Hefi jeg í dag lagt fyrir landfógeta að greiða yður, herra biskup, fje þetta, svo að það að tilhlutun yðar geti orðið sent hlutaðeigandi ekkjum, en kvittun þeirra fyrir móttöku styrksupphæðanna ber síðan að afhenda landfógetanum.

— **Brjef landshöfðingja *til biskups* um brauðaskipti.** — Af erindi því frá prófastinum í Eyjafjarðarprófastsdæmi, er fylgdi þóknanlegu brjefi yðar, herra biskup, frá í 164 23. nóv. gær, virðist mega ráða, að presturinn að Völlum, sira Hjörleifur Guttormsson, sæki um leyfi til að hafa brauðaskipti við prestinn að Tjörn, sira Kristján E. Þórarinsson, eingöngu eða að miklu leyti til þess, að geta þegar í stað resignerað þessu brauði, og mælir prófasturinn með hinu umbeðna af þessari ástæðu, en hins vegar álítur hann sira Hjörleif, sökum elli hans, miður hæfan til að þjóna jafn örðugu brauði og Tjörn er, og gengur prófasturinn þar að auki að því vísu, að sira Hjörleifur, komist hann að Tjarnar prestakalli, eigi heimting á hærri eptirlaunum sakir þess, að það er hærra metið en Vellir. Áður en meira er gjört í þessu máli, álít jeg því rjettast að leiða athygli yðar, herra biskup, að því, að skilningur sá, er prófasturinn og ef til vill einnig sira Hjörleifur virðast að leggja í ákvörðunina í 2. stafl. 6. greinar laga um eptirlaun presta frá 27. febr. þ. á., getur að mínu áliti ekki samrýmzt rjettri útskýringu á orðum og anda þessarar lagaákvörðunar. Ákvörðunin um presta þá, «er nú sitja í embættum», verður, að því er jeg fæ sjeð, að eins heimfærð til presta þeirra, er sækja um lausn frá prestsembætti, meðan þeir þjóna sama prestakalli og þeir höfðu á hendi þá, er nefnd lög öðluðust gildi, og rjettur sá. sem greinin heimilar þessum prestum til að fá eptirlaun sín ákveðin samkvæmt því. er lög og venja hingað til hafa verið til, fellur þannig burt, ef þeir verða skipaðir í annað prestakall. Þó að rjettur þessi þannig án efa beri sira Hjörleifi Guttormssyni, verði honum veitt lausn frá Vallna prestakalli, ber, ef hin

1) Sjá stjórnartíðindi 1881 B. 34.